Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 27.09. 2013. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Aníta Ómarsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Tómas Gísli Guðjónsson, Dagbjört Valgerður Pálsdóttir, Gunnar Svavar Friðriksson, Óskar og Nína. Fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll.

1. **Hlutverk skólaráðs -** Farið var yfir hlutverk skólaráðs (ljósrit afhend) og fulltrúa þess. Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2013-14 (ljósrit afhent). Ákveðið var að funda til skiptis á miðvikudögum og föstudögum kl. 14.00-15.30. Skólastjóri endurskoðar starfsáætlun og sendir skólaráði nýjar dagsetningar. Að þessu sinni voru mættir 3 fulltrúar foreldra en formaður foreldrafélagsins mun ákveða með sínu fólki hvaða 2 fulltrúar munu sitja fundi skólaráðs í vetur.
2. **Áherslur á nýju skólaári** – Skólastjóri kynnti áherslur og þróunarverkefni á skólaárinu.
    a. *Innleiðing aðalnámskrár grunnskóla* – Sagt frá vinnu kennara í vetur sem Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar skipuleggur.
    b. *Skrefi framar* – Samstarfsverkefni opinna heildstæðra skóla á Stór-Höfuðborgarsvæðinu (Akurskóli, Hraunvallaskóli, Ingunnarskóli, Norðlingaskóli og Sjálandsskóli).
    c. *Heilsueflandi grunnskóli* - Jóna Karólína og Halldóra teymisstjórar komu og kynntu áherslur á komandi skólaári. Þær leituðu eftir tengingu verkefnisins við skólaráð Hraunvallaskóla og óskuðu eftir tillögum eða ábendingum frá skólaráði um verkefni vetrarins sem er næring og tannheilsa.
    d. *Þemanám í unglingadeild* (samþætting) – Sagt frá samþættingu í náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Áhersla er á fjölbreytta kennsluhætti, notkun tækni og námsmat í stíl.
    a. *Stöndum saman* – hættu, gakktu, segðu frá – Greint frá innleiðingu á eineltisforvörnum í heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun í skóla (Bully prevention in PBS).
3. **Skólanámskrá Hraunallaskóla og starfsáætlun kynnt** – Skólaráð skrifaði undir yfirlýsingu um að fjallað hefði verið skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Engar athugasemdir voru gerðar um þessi plögg sem send verða áfram til staðfestingar Fræðsluráðs Hafnarfjarðar.
4. **Hjólabrettasvæði og brettapallar á skólalóðinni** – Bréf frá foreldrum lesið. Skólaráð var mjög jákvætt gagnvart því að koma upp hjólabrettasvæði á skólalóðinni. Málið fer í vinnslu hjá skólastjóra.
5. **Fyrirlestur um varnir gegn einelti 31. október fyrir foreldra grunn og leikskóla** – Skólastjóri sagði frá fyrirhugaðri fræðslu Kolbrúnar Baldursdóttir um eineltisforvarnir sem snúa annars vegar að starfsfólki og hins vegar að foreldrum.
6. **Fréttir frá Málþingi um árangur og áherslur í skólastarfi í grunnskólum Hafnarfjarðar** – Skólastjóri greindi frá Málþingi um árangur og áherslur í grunnskólum Hafnarfjarðar sem haldið var 20. september sl. Til fundarins var boðið stjórnendum úr grunnskólunum,

fulltrúum foreldra, fulltrúum frá félagi grunnskólakennara í Hafnarfirði, frá fræðsluráði og bæjarfulltrúum. Um 50 manns mættu á fundinn og tóku þátt í umræðum. Samantekt málfundar verður kynnt síðar í fræðsluráði og framhaldið ákveðið síðar.

7. **Skólaskipan á Völlunum** – Rætt var um samþykkta tillögu Fræðsluráðs Hafnarfjarðar um framtíða skólaskipan á Völlunum. Skólastjóri las upp umræðupunkta frá fulltrúa grenndarsamfélagsins um málið sem voru ræddir lauslega.
8. **Önnur mál -** Gagnlegar ábendingar komu um viðbragðsáætlun og rýmingaráætlun skólans.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland